



Borgarráð

Reykjavík 7. maí 2025  
MSS25020123

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 11. apríl 2025 var samþykkt tillaga um lengingu opnunartíma sundlauga í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar dags. 4. mars 2025 um að fela menningar- og íþróttaráði útfærslu á lengingu á sumaropnun sundlauga um helgar.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs til kynningar.

Virðingarfyllst,

  
Steinþór Einarsson,  
Sviðsstjóri MÍR

Hjálagt:  
Tillaga MÍR  
Samþykkt borgarstjórnar



Reykjavík



Reykjavík, 9.apríl 2025.

## Tillaga um lengingu opnunartíma sundlauga um helgar í sumar

### **Tillaga**

Lagt er til að lengja opnunartíma um klukkustund um helgar í öllum sundlaugum borgarinnar. Gildir þetta frá og með 1.júní 2025 til og með 31.ágúst 2025. Opið verður því til kl. 22:00 laugardaga og sunnudaga, utan Klébergslaugar á Kjalarnesi, en hún verður opin frá kl. 10:00 - 18:00.

### **Greinargerð**

Tillagan er í raun sumaropnun og styður þannig við útivistarreglur barna en útivistartíminn er lengdur 1. júní til 1. september. Frá 1. september til 1. maí er útivistartíminn styttri eða til kl. 20:00 fyrir 12 ára börn og yngri og til kl. 22:00 fyrir 13 – 16 ára börn.

### **Launakostnaður**

Vænt útgjöld vegna aukins launakostnaðar eru um 7. m.kr. miðað við þriggja mánaða sumaropnun í öllum laugum. Lenging opnunartíma um klukkustund kostar að jafnaði um 2,3 m.kr. á mánuði í heildina fyrir allar laugar.

### **Tekjur/almenntur rekstrarkostnaður**

Væntar tekjur eru taldar jafnast út á móti auknum rekstrarkostnaði.

### **Annað**

Flestar laugar á höfuðborgarsvæðinu bjóða sama opnunartíma um vetur og sumar og loka yfirleitt á bilinu 18:00 – 20:00 á sumrin. Úti á landi loka þær yfirleitt fyrr utan sundlaug Akureyrar.

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lengingu opnunartíma sundlauga**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela menningar- og íþróttaráði að útfæra tillögur um lengdan sumaropnunartíma í sundlaugum borgarinnar um helgar. Tilgangurinn er að efla félagsauð hverfa og forvarnarstarf í þágu ungmenna í borginni.

**Greinargerð**

Tillagan felur í sér að opnunartími sundlauga borgarinnar um helgar verði lengdur á ný í sumar, en útfæra þarf hvar og hvernig opnunartíma verður breytt. Til álita kemur að taka upp sumar- og vetrartíma, þar sem opnunartíminn verði lengri yfir sumartímann. Skoða þarf hvaða útfærsla kann að nýtast ungmennum best og hafa hana til hliðsjónar við ákvarðanatöku.